



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

## **Fjölskylda á tímum miðalda**

*Sambönd milli foreldra og barna*

Ritgerð til BA -prófs í Íslenska sem annað mál

**Aino-Katri Karinen**

**Maí 2014**

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Íslenska sem annað mál**

# **Fjölskylda á tímum miðalda**

*Sambönd milli foreldra og barna*

**Ritgerð til BA -prófs í Íslenska sem annað mál**  
**Aino-Katri Karinen**

**Kt.: 080479-3879**

**Leiðbeinandi: Jón Yngvi Jóhannsson**

**Maí 2014**

## **Formáli**

Í þessari ritgerð verður fjallað um fjölskyldur á miðöldum eins og þeim er lýst í Íslendingasögum, sérstaklega verður fjallað um tengsl á milli foreldra og barna. Markmið mitt er fyrst og fremst að sýna vandamál í samböndum þeirra og stundum á milli systkina líka. Söguhetjurnar sem ég hef mestan áhuga á eru til dæmis Egill Skalla-Grímsson, bróðir hans Þórólfur og börn Egils, sérstaklega Þorsteinn og Þorgerður; Grettir Ásmundarson og foreldrar hans Ásmundur og Ásdís og líka Höskuldur Dala-Kollsson og börn hans Hallgerður og Ólafur pái. Mig langar að sýna muninn á milli framkomu foreldranna við börnin, hver verður uppáhaldsbarnið og hver olnbogabarnið og af hverju, ef sagan segir frá þessu.

Ég hef líka áhuga á hvernig þessi börn hegða sér gagnvart foreldrum sínum. Ef það eru vandamál eða ágreiningur í fjölskyldunni geta viðbrögð barnanna stundum sýnt aðstæðurnar í nýju ljósi.

## Fjölskyldan á miðöldum

Fjölskyldan eins og hún birtist í sögum frá miðöldum er mjög ólík því sem hún er í dag. Fjölskyldur voru stærri í þá daga, stundum þrjár til fjórar kynslóðir sem bjuggu saman: börn, barnabörn og barna-barnabörn. Auk þess var meiri áhersla lögð á tengsl milli fjölskylduna, sérstaklega auðugra fjölskylda og það er stundum erfitt að vita hver tilheyrði hvaða fjölskyldu og fjölskyldutengslin voru oft flókin. Þessi tengsl gátu skyndilega breytt aðstæðum.

Í Eyrbyggja sögu er orrusta þar sem bardagahetjan Styr skiptir um lið öllum að óvörum vegna þess að báðir hóparnir voru tengdir honum ættarböndum og Steinþór, sem hann fyrst var með í liði, hafði drepit barnabarn Styr fyrir slysi.<sup>1</sup> Vandamálið er að oft er erfitt að flokka fólk í fjölskyldur því fjölskyldan var ekki aðeins kjarnafjölskylda einstaklings (kjarnafjölskylda = maki + börn) heldur allt það fólk sem einstaklingurinn hafði einhvers konar fjölskyldutengsl við.

Auk þess gat kjarnafjölskyldan verið stærri en nú. Til dæmis voru börn húsbóndans frá öðrum hjónaböndum eða fósturbörn og börn hjónanna alin upp saman. Ég gæti kannski útskýrt kjarnafjölskyldu miðalda sem sammiðja hringi sem innihéldu hjónin í miðjunni. Í næsta hring voru börn hjónanna og í næsta hring voru börn sem voru börn eiginmanns eða konu frá öðru hjónabandi. Ef annað foreldrið var ekki ennþá hluti af hjónabandinu vegna skilnaðar eða dauðsfalls bjuggu þau börn nú hjá hinu foreldrinu.<sup>2</sup>

Þar á eftir voru fósturbörn í næsta hring sem voru oft börn mága eða frændfólks sem gátu orðið hluti af kjarnafjölskyldunni. Það skipti þó máli hvernig tengslin á milli þeirra og fóstranna voru. Laxdæla er dæmigerð saga um það hvort fósturbörn voru talin sem hluti af sömu ætt og eigin börn: þegar Guðrún vildi fá Kjartan drepinn neitaði Bolli, maður hennar, fyrst að hafa eitthvað að gera með málið.<sup>3</sup> „Bolli kvað sér eigi sama fyrir frændsemis sakir við Kjartan og tjáði hversu ástsamlega Ólafur hafði hann upp fæddan.“ Guðrún hótaði því að slíta hjónabandinu ef Bolli játaði því ekki. Á sama hátt vildi faðir Kjartans, Ólafur pái Höskuldsson, heldur að Bolli myndi borga sektina en að hann væri dæmdur sekur því auk þess að vera fósturbarn hans var Bolli líka mágur hans og fóstubróðir Kjartans.

Það verður að minnast þess að konur máttu ekki bera vopn og gátu því ekki hefnt

---

<sup>1</sup> Eyrbyggja saga: 44. kafli.

<sup>2</sup> Gunnar Karlsson 2013, bls. 269-70.

<sup>3</sup> Laxdæla saga: 48. kafli.

barna sinna sjálfar. Þær gátu aðeins hvatt ættingja sína til hefnda og þess vegna langar mig að benda á að það var líklega erfiðara að ákveða að drepa mann en að hvetja aðra til þess. Ef Ólaf hefði langað að hefna sonar síns hefði hann þurft að drepa Bolla sjálfur eða senda ættingja sína - það gæti vel hafa haft nokkur áhrif á ákvörðun hans.

Þegar Ólafur dó tók konan hans, Þorgerður, við stjórn hefndar eftir Kjartan og þá var Bolli drepinn: Ólafur gat ekki drepit mág sinn en konan hans sem var ekki með sömu tengsl og hann gat ekki fyrirgefið honum. Þar sem að þau voru bæði fósturforeldrar Bolla og eini munurinn á milli þeirra voru fjölskyldutengsl finnast mér ekki auðvelt að vita hver er mikilvægasti munurinn á milli eigin barna og fósturbarna og greina á milli fjölskyldunnar og fólks fyrir utan hana. Staður þeirra var því oft óviss og breytilegur eins og við fáum að sjá í Laxdælu.

Þá var ennþá til einn hópur barna, börn ambátta og frilla<sup>4</sup>, og fjölskylda Höskuldar er dæmigerð aftur. Augljóslega er staða þessara barna utan allra fjölskylduhringa. Börnin voru ekki skilgetin og gátu því ekki erfir eignir foreldra sinna nema ef föðurnum þótti nógu vænt um þau til að samþykkja þau. Ég tala náttúrulega um Ólaf þá Höskuldsson sem var sonur Melkorku, ambáttarinnar sem Höskuldur keypti utanlands. Þó að hún væri seinna gefin frjáls var hún ennþá í þrældómi þegar Ólafur fæddist.<sup>5</sup>

Þar að auki áttu menn stundum börn með frillum. Fjölskylda Njáls og Bergþóru í Brennu-Njáls sögu telur sex eigin börn, eitt frillubarn (Höskuld Njálsson) og eitt fósturbarn (Höskuld Þráinsson).<sup>6</sup>

Oft bjó ólík staða barna til ringulreið í sögum. Stundum virtust aðstæður vera einfaldar eins og í Njálu – hjónabandsbörn, frillubarn og fósturbarn, hvert á sitt eigið sæti en þegar staðirnir ruglast flækjast málin. Fyrst var frillusonurinn Höskuldur Njálsson drepinn og bræður hans áttu að hefna hans, sem byrjaði blóðhefndir sem leiddu til dauða Þráins. Seinna fóstraði Njáll Höskuld Þráinsson, sem er áhugavert því að Skarphéðin sonur hans bar ábyrgð á dauða Þráins. Höskuldur varð þá uppáhaldsbarn Njáls þó hann væri aðeins fósturbarn og dó mögulega vegna þess að hann fékk betri meðferð en raunverulegir synir Njáls og þeir samþykktu það ekki.<sup>7</sup>

---

<sup>4</sup> Gunnar Karlsson 2013, bls. 241-67.

<sup>5</sup> Laxdæla saga: 13. kafli.

<sup>6</sup> Gunnar Karlsson 2013, bls. 241-78.

<sup>7</sup> Brennu-Njáls saga: 111. kafli.

Aðstæður gátu verið enn erfiðari eins og við sjáum í Egils sögu: fjölskylda sem samanstóð af börnum tveggja kvenna og eins manns. Eftir að faðirinn dó neituðu synir fyrstu eiginkonu sonum hinnar konunnar, Hildiríðar, um arf, kölluðu hana frillu og börn hennar frillubörn.<sup>8</sup> Ástæðan var að seinni konan var ekki eins göfug og sú fyrsta. Auk þess var hún gift mjög snemma og sagðist kannski vera keypt heldur en gift. Keypt konan var ekki eiginkona heldur ambátt og börnin hennar voru þess vegna ekki skilgetin.

Staða Ólafs er þó áhugaverðust vegna þess að hann var ekki frillusonur heldur ambáttarsonur sem var enn verra en glímdi samt ekki við sömu vandamál og börn Hildiríðar. Faðir hans elskaði hann og gaf honum og Melkorku frelsi þannig að hann fór inn í sama „fjölskylduhringinn“ og þau börn sem Höskuldur átti með eiginkonu sinni. Það gæti þó hafa hjálpað Ólafi mikið að Melkorka móðir hans var í raun og veru prinsessa að uppruna og var þess vegna af göfugri ætt en Höskuldur sjálfur. En hann var þó ekki alveg eins góður og til dæmis bræður sínir sem var augljóst þegar hann langaði að eiga Þorgerði Egilsdóttur sem konu. Hún harðneitaði honum fyrst af því að hana langaði ekki að giftast ambáttarsyni, þó hann væri í raun og veru líka prinsessusonur af ætt Mýrkjartans Írakonungs. Seinna skipti hún um skoðun þegar hún og Ólafur hittust, sem segir okkur að það var kannski ekki alltaf svo hræðilegt og óhugsandi að giftast ambáttarsyni ef maðurinn var líka af góðri ætt, auðugur og einn fallegasti maður landsins!

Þannig var það ekki alltaf augljóst hver var meðlimur í fjölskyldunni og hver var það ekki, og fólk á miðöldum átti stundum í vandræðum með þetta. Það var oft mikilvægt að safna fólki saman, fjölskyldu og vinum, til dæmis til að fara á þing ef einhver í fjölskyldunni var lögsóttur eða lögsótti annan mann. Það gat hjálpað mikið til að ná betri útkomu ef það vantaði ekki fólk á eigin hlið. Þorgrímur Kjallaksson í Eyrbyggja sögu lenti í þessu vandamáli á Þórsnesþingi þegar mágar og vinir hans voru seinir vegna veðurs.<sup>9</sup> Þorsteinn Egilsson þurfti líka hjálp föður síns til að safna fleiri mönnum til að fylgja sér til þings;<sup>10</sup> það var ekki nóg að vera sonur Egils Skalla-Grímssonar, hann þurfti líka að sýna öllum vina- og ættartengsl sín, í stuttu máli sagt, að fólk vildi fylgja honum (og kannski, ef þörf var á, berjast á móti óvinum hans).

Í raun og veru var maður á miðöldum aldrei einn eða hugsaði um sig sem einstakling

---

<sup>8</sup> Egils saga: 9. kafli.

<sup>9</sup> Eyrbyggja saga: 17. kafli.

<sup>10</sup> Egils saga: 84. kafli.

á sama hátt og við gerum í dag, heldur var hann alltaf hluti af fjölskyldu. Allt sem hann gerði hafði áhrif á fjölskylduna alla, sérstaklega ef hann var stórættaður. Heiður fjölskyldunnar var einn mikilvægasti hluti lífsins því það stjórnaði hegðun annarra á móti þeim og verk eins manns gat aukið eða minnkað þann heiður. Þar að auki hafði niðurstaðan áhrif á fjölskylduna alla eins og við sáum í Njálu þegar Njáll og fjölskylda hans var brennd vegna orða eins manns, Skarphéðins Njálssonar. Þess vegna er heiður og orðspor einstaklings og fjölskyldunnar oft drifkrafturinn á bak við vandkvæði á milli fjölskyldnanna.<sup>11</sup>

Þegar hegðun manns hafði áhrif á alla aðra var áhersla lögð á háttsemi og hvernig fólk hegðaði sér. Nú er kannski erfitt að sjá hvernig fólk hugsaði á tímum miðalda: oft lítur út eins og fólk væri að haga sér mjög illa og væri jafnvel dónalegt en í raun og veru voru menn og konur bara að hegða sér eins og stórættað fólk átti að gera. Þegar kraftur var merki göfugs fólks var mikilvægt að sýna ekki neinn veikleika eða hik. Þó við kannski hugsum núna að skapgerðareinkenni eins og stolt, stærilæti eða drambsemi séu neikvæð voru þau á þessum tíma hugsuð rétt og stórkostleg hegðun fyrir mikilvægt fólk.<sup>12</sup>

Árásargirnir var þó ekki á meðal bestu viðbragða í hugsun manna. Menn sem kunnu að nota heilann fyrst og sverðið seinna voru taldir gáfaðir og áttu oft marga vini sem leituðu ráða þeirra í erfiðleikum og gátu hjálpað þeim seinna í staðinn ef þörf var á. Menn eins og Snorri goði og Njáll voru vel liðnir vegna þolinmæði og visku sinnar sem þeir notuðu oft til að komast hjá orrustum. Til dæmis lýsir Eyrbyggja saga Snorra svona:

*Snorri var meðalmaður á hæð og heldur grannlegur, fríður sýnum, réttleitur og ljóslitaður, bleikhár og rauðskeggjaður. Hann var hógvær hversdaglega. Fann lítt á honum hvort honum þótti vel eða illa. Hann var vitur maður og forspár um marga hluti, langrækur og heiftúðigur, heilráður vinum sínum en óvinir hans þóttust heldur kulda af kenna ráðum hans. Hann varðveitti þá hof. Var hann þá kallaður Snorri goði.<sup>13</sup>*

Sagan segir frá mörgum aðstæðum sem enduðu vel vegna áhrifa Snorra. Hann var líka góður að leysa vandamál á besta mögulegan máta, til dæmis þegar berserkurinn Halli, sem vann hjá Styr, langaði að fá dóttur Styr sem konu og spurði hvort hann vildi gefa

<sup>11</sup> Vésteinn Ólason 1998, bls. 167-73

<sup>12</sup> Jesse Byock 2001, bls. 77-80.

<sup>13</sup> Eyrbyggja saga: 15 kafli.

hana honum eða ekki.<sup>14</sup> Frekar en að neita honum strax ráðlagði Snorri að það væri betra að þykjast játa ef Halli og annar berserkur byggðu veg yfir hraunið fyrst. Á meðan lét Styr byggja gufubað sem hann notaði til að blekkja berserkina til að afvopnast þegar verkinu væri lokið: hann bauð þeim til baðsins og drap þá strax á eftir, klæðalaus og vopnalaus.

Annar dæmigerður gáfaður maður var Njáll Þorgeirsson, friðsæll maður, þó hann væri kannski stundum svolítið of rólegur - hann lét jafnvel Flosa móðga sig opinberlega án þess að hefna.<sup>15</sup> Það fór því miður ekki vel af því að þegar hann sjálfur sagði ekkert á móti Flosa þyrfti sonur hans, Skarphéðinn, að halda uppi heiðri fjölskyldunnar og það var einmitt það sem hann gerði, með svo miklum krafti að að lokum var fjölskyldan öll brennd af Flosa og mönnum hans.

Þó það væri mikilvægt að sýna vald sitt var rósemi samt ekki talin vera neikvæð. Dæmigerð persóna sem notaði vald sitt til að komast hjá ofbeldi var Þorbjörg Ólafsdóttir í Grettis sögu, kona vel þekkt fyrir visku sína og stundum kölluð Þorbjörg hin digra.<sup>16</sup> Hún bjargaði lífi Grettis og þótt hún þyrfti ekki beinlínis að hjálpa honum (Grettir var útilegumaður og sakamaður) var hugsanlegt að með því að bjarga Gretti bjargaði hún mönnum og landi sínu líka. Ætt Grettis var valdamikil: ef hún hefði látið drepa Gretti lenti blóðhefnd líklegast heima hjá henni að lokum.

Hver persóna var þannig hluti af fjölskyldu og hver meðlimur hennar mikilvægur, þó einstaklingshyggjan komi seinna til sögunnar. Það sem fólk gerði hafði áhrif á alla og skapaði heiður fjölskyldunnar og álit annarra á henni. Fjölskyldurnar voru líka hluti af stærri ættum og ættirnar hluti af samfélagi og allir þessir hlutir höfðu áhrif á alla menn. Ef fjölskylda X lenti í deilum við fjölskyldu Y þyrftu allar fjölskyldur sem voru tengdar þeim að hjálpa þeim ef um var beðið.<sup>17</sup>

Ýmis vandamál gátu orðið á milli fólks: fé í annarra manns túni, pólitík og ástamál, ósætti á meðal barna fjölskyldunnar og fleira. Fólk reyndi því að komast hjá ofbeldi með því að safnast saman af því að einstaklingar og smáir hópar réðust hver gegn öðrum frekar en stórir þannig að það var öruggara að tilheyra stærri hópunum. Þannig gekk það allt undir lok Sturlunga-aldar. Sektir voru oftast notaðar frekar en hefnd. Ef það var mögulegt að leysa vandamál á

---

<sup>14</sup> Eyrbyggja saga: 28. kafli.

<sup>15</sup> Brennu-Njáls saga: 123. kafli.

<sup>16</sup> Grettis saga: 52. kafli.

<sup>17</sup> Jesse Byock 2001, bls. 114-42.



milli fólks með því að borga sekt var það ákjósanlegt en ef einhver tapaði lífi var líklega orðið of seint að koma í veg fyrir blóðhefnd vegna heiðurs hins látna jafnvel þótt sektir væru greiddar. Margar frægar blóðhefndirnar til dæmis í Brennu-Njáls sögu og Eyrbyggja sögu hófust aftur eftir að reynt var að útkljá málið með peningum.<sup>18</sup>

Auk þess langar mig að benda aftur á merkingu deildrar ábyrgðar á tímum miðalda og það að verk eins höfðu áhrif á allan hópinn eins og sjá má í Njálu þegar Skarphéðinn kallar Flosa samkynhneigðan: orðin voru hans en öllum í fjölskyldu hans var refsað vegna þeirra.<sup>19</sup> Margir töpuðu lífi eða heilsu, hús Njáls var brennt og Skarphéðinn sjálfur brann inni í húsinu. Þótt það hljómi ekki beinlínis réttlátt núna að faðir og synir saman væru allir jafn sekir var það hugsað öðruvísi á miðöldum. Menn voru ekki aleinir í leiknum þegar þeir réðust hver á aðra, allir sem voru tengdir fjölskyldu þeirra voru hluti af því.

Það þýddi oft að hefnd var borguð tilbaka þannig að ættirnar enduðu næstum á endalausum fæðardeilum sem erfitt var að stöðva; fjölskyldurnar og hvernig þær voru tengdar eru á bak við allt sem gerist.<sup>20</sup> Þó aðalpersónurnar sagna eins og Grettis Ásmundarson eða Skarphéðinn Njálsson séu einstaklingar sem virðist vera sjálfstæðir hefur hegðun þeirra áhrif á alla aðra sem teljast tilheyra fjölskyldum þeirra. Frekar en einstaklingshetjurnar er fjölskyldan mikilvægasti hópurinn í miðaldasögum og þemað sem stjórnar sögunum öllum.<sup>21</sup>

Það er þó ekki fullvíst að heimurinn sem birtist í sögunum hafi verið raunveruleiki alls fólks. Íslendingasögur segja næstum aðeins frá auðugum og valdamiklum persónum, mikilvægasta fólki þess tíma, og vegna þess getum við ekki algerlega treyst sögunum. Staða mikilvægra fjölskylda var kannski svolítið ólík stöðu venjulegs fólks sem kom ekki eins oft til sögunnar. Þegar maður var vel þekktur þýddi það að allir höfðu áhuga á fréttum af honum og litu á hann meira en aðra. Það er því líklegast að mikilvægara hafi verið að halda uppi heiðri fjölskyldna valdamikilla manna en venjulegra alþýðumanna en því miður segja sögurnar voðalega lítið um fólk sem var ekki í aðalhlutverki í samfélaginu. Mynd af miðaldatíma sem sögurnar sýna okkur er þannig hlutdræg og einfölduð og það er betra að sjá hana sem mynd af göfugasta fólki Íslands.

---

<sup>18</sup> Jesse Byock 1982, bls. 24-46 og 114-42.

<sup>19</sup> Gunnar Karlsson 2013, bls. 279-97.

<sup>20</sup> Jesse Byock 2001, bls. 24-46.

<sup>21</sup> Vésteinn Ólason 1989, bls. 135-148.

## Eftirlætisbörn og olnbogabarnið: Egill, Böðvar, Þorgerður og Þorsteinn

*Þorsteinn, sonur Egils, þá er hann óx upp, var allra manna fríðastur sýnum, hvítur á hár og bjartur álitum; hann var mikill og sterkur, og þó ekki eftir því sem faðir hans. Þorsteinn var vitur maður og kyrrlátur, hógvær, stilltur manna best; Egill unni honum lítið; Þorsteinn var og ekki við hann ástúðugur, en þau Ásgerður og Þorsteinn unnust mikið.*<sup>22</sup>

Ekki komu upp vandamál á milli foreldra og barna í öllum fjölskyldum sem lýst er í Íslendingasögum en þegar það gerðist var næstum dæmigert að ef föður þótti ekki vænt um barnið elskaði móðirin það enn meira þannig að sama barnið gat verið eftirlætisbarn eins og olnbogabarn annars. Þorsteinn Egilsson er dæmigerður um þetta: við vitum ekki sérstaklega af hverju Egill elskaði hann lítið en það er áhugavert að Þorsteinn leit meira út eins og Þórólfur Skalla-Grímsson bróðir Egils en Egill sjálfur, og að vandamálið gæti stafað af því að sambandið á milli bræðranna var flókið. Álit mitt er að Agli hafi þótt mjög vænt um Þórólf sem bróður, en var samt afbrýðissamur. Þórólfur var fallegur, frægur, fólki þótti vænt um hann og konan hans Ásgerður var sú kona sem Egill sjálfur elskaði. Þegar hún giftist honum fór Egill ekki í brúðkaupsveisluna en þóttist vera veikur, þó honum hafi batnað fljótt þegar fólk var farið og hann var aleinn heima.<sup>23</sup> Það er ekki erfitt að ímynda sér að Agli hafi þótt hann vera minni maður en Þórólfur á marga vegu.

Þórólfur var samt ekki alltaf betri en Egill. Í orrustu virðist Egill hafa verið svolítið sterkari en bróðir sinn þó þeir hafi oftast barist saman á orrustuvellinum samkvæmt sögunni. Það er líka mögulegt að báðir bræðurnir hafi vitað þetta vegna þess að þegar Aðalsteinn konungur ákvað að bræðurnir ættu að berjast í sitt hvoru lagi var það Þórólfur sem virtist finnast hann lægra settur. Egill neitaði konungi fyrst því hann vildi heldur að þeir bræðurnir héldu áfram að berjast nálægt hvort öðrum en Þórólfur var strax ósammála því:

*Egill svaraði konungi: „Ekki vil eg, að við Þórólfur skiljumst í orustu, en vel þykir mér, að okkur sé þar skipað, er mest þykir þurfa og harðast er fyrir.“*

*Þórólfur mælti: „Látum við konung ráða, hvar hann vill okkur skipa; veitum honum svo, að honum líki; mun eg vera heldur, ef þú vilt, þar er þér er skipað.“*<sup>24</sup>

---

<sup>22</sup> Egils saga: 82. kafli.

<sup>23</sup> Egils saga: 42. kafli.

<sup>24</sup> Egils saga: 54. kafli.

Það má vera að orð Egils hafi ekki hljómað vel fyrir Þórólfi. Mér finnst einmitt eins og merkingin að baki orða Egils gæti mögulega hafa verið „láttu mig halda áfram að vernda stóra bróður minn“ sérstaklega vegna viðbragða Þórólfs. Ef bræðurnir hefðu verið jafngóðir bardagamenn væri líklegast engin ástæða fyrir ósætti þeirra: þá hefðu þeir neitað eða játað skipun konungs saman. En ef Þórólfi fannst hann vera síðri í bardaga er varnarstaða hans auðveldlega skiljanleg. Hann vildi þá skiljast frá Agli því Egill stakk upp að það væri betra að hann væri með honum. Á eftir játaði Egill líka þó hann virtist vita hvað ætti að gerast: „Þér munuð nú ráða, en þessa skiptis mun eg oft iðrast.“<sup>25</sup>

Þórólfur dó einn eins og Egill hafði spáð og Egill byrjaði að hegða sér undarlega fyrir framan konunginn:

*Egill settist þar niður og skaut skildinum fyrir fætur sér; hann hafði hjálm á höfði og lagði sverðið um kné sér og dró annað skeið til háls, en þá skellti hann aftur í slíðrin... ..en er hann sat, sem fyrr var ritað, þá hleypti hann annarri brúninni ofan á kinnina, en annarri upp í hárrætur; Egill var svarteygur og skolbrúnn. Ekki vildi hann drekka, þó að honum væri borið, en ýmsum hleypti hann brúnunum ofan eða upp.<sup>26</sup>*

Túlkun mín er sú að Egill hafi ekki vitað hvernig hann ætti að bregðast við dauða Þórólfs. Þess vegna var hann að draga sverðið sitt út og skella því strax til baka og andlit hans sýndi tilfinningalegt uppnám hans. Samt er ekki hægt að segja nákvæmlega hvað Egill hugsaði þegar bróðir hans var grafinn og Aðalsteinn konungur hélt hátíð til að fagna sigri sínum. Augljóst var að hann grunaði hver útkoman yrði: ef hann og Þórólfur skildust að myndi Þórólfur deyja og samt lét hann það gerast. Á sama hátt er mögulegt að hann hafi jafnvel vonað að Þórólfur dæi - kannski höfðu tilfinningar hans til Ásgerðar áhrif á tilfinningar hans líka.

Þar væri samt rökrétt að Egill hafi fundið með sér sektartilfinningu. Hægt er að segja að hann hafi sent Þórólfi í dauðann og fengið Ásgerði sem konu og komið út úr skugga bróður síns. Ef sonur hans Þorsteinn leit út eins og Þórólfur og hegðaði sér auk þess eins og Þórólfur var hann lifandi áminning um það sem Egill gerði (eða lét gerast). Tilfinningar Egils hafa líklegast versnað vegna Ásgerðar sem elskaði Þorstein mikið því það gæti hafa minnt hann á eitthvað annað sem hann hataði við eldri bróður sinn, hjónaband hans og Ásgerðar.

---

<sup>25</sup> Egils saga: 54. kafli.

<sup>26</sup> Egils saga: 54. kafli.

Við vitum ekki mikið um tilfinningar Þorsteins nema að hann elskaði föður sinn lítið sem er auðvelt að skilja. Þótt hann væri oft meðhöndlaður á ósanngjarnan hátt segir sagan frá því að hann hafi sætt sitt við þetta – eða var hann virkilega eins gott barn og sagan vill láta okkur trúa?

Ég er nefnilega að hugsa um silkislæðu sem Arinbjörn vinur Egils gaf honum og Þorsteinn fékk lánaða án leyfis til að klæða sig í á alþingi.<sup>27</sup> Hann lét slæðuna dragast á eftir sér þannig að slæðan varð skítug, alveg eyðilögð. Þegar Ásgerður sá hvað hafði gerst faldi hún slæðuna svo að það tók nokkurn tíma áður en Egill fann hana aftur. Hann refsaði Þorsteini kannski ekki vegna þess að nokkurn tími var liðinn en Egill orti þó ljóð um málið:

*Áttak erfínytja,  
arfa mér til þarfan,  
mik hefr sonr of svikvinn,  
svik telk í því, kvikvan;  
vel mátti þess vatna  
viggríðandi bíða,  
es hafskíða hlæði  
hljótendr of mik grjóti.*

Mikilvægt hér er að slæðan var „Arinbjarnanautur“ og þess vegna sérstök. Það er líka ekki mögulegt að Þorsteinn hafi ekki gert sér grein fyrir að slæðan dróst í jörðina. Mig langar því að benda á að Þorsteinn gæti hafa eyðilagt slæðuna vísvitandi nefnilega vegna þess að hann vissi af hverju Agli þótti svo vænt um hana. Hann var ekki fyrsta persónan í Egils sögu sem gerði eitthvað slíkt til að ná hefndum gegn föður sínum – hann minnr á Egil sjálfan þegar Þorgerður Brák var drepin og hann hefndi hennar með því að drepa góðan vin Skalla-Gríms.<sup>28</sup> Voru faðir og sonur því svipaðir á þann hátt? Kannski, en þess konar skapgerðareinkenni hjálpuðu ekki við að leysa vandamál í sambandi þeirra.

Auk þess var Egill farinn að eldast þegar Þorsteinn var ungur maður: hann var yngsta barn Egils. Egill var ekki lengur mikill víkingur, styrkur hans var farinn að minnka á meðan Þorsteinn varð kröftugri og náði sér í meiri og meiri virðingu, sem þýddi að hann varð enn líkari Þórólfi á hverjum degi. Það kom þess vegna ekki einu sinni á óvart að Agli þótti vænna um Gunnar og Böðvar, Beru og sérstaklega Þorgerði elsta

---

<sup>27</sup> Egils saga: 82. kafli.

<sup>28</sup> Egils saga: 40. kafli.

barnið sitt, engu þeirra var lýst sem „Þórólfslegu“; eina barnið sem er líkt við hann er Þorsteinn.

Það er samt gott að minna á að Þorsteinn Egilsson og Þórólfur Skalla-Grímsson voru ekki alveg líkir. Í bók sinni *The Matter of the North* ber Torfi Tulinius saman Þórólf Kveld-Úlfsson og Þórólf Skalla-Grímsson og sýnir fram á að hinn yngri Þórólfur er rólegri og ráðkænni en sá eldri.<sup>29</sup> Þorsteinn er kannski enn rólegri en Þórólfur og ekki eins metnaðarfullur, hann settist að á bæ frekar en að fara út í víking eða sækja vinskap og vinnu hjá konungunum. Sagan segir því miður ekki frá því hvort Egill gerði sér grein fyrir þessum muni á milli sonar síns og bróður síns en það er samt sagt frá því í sögunni að samband feðganna batnaði smávegis þegar nágrenni Þorsteins, Steinar, lögsótti hann og Egill hjálpaði Þorsteini til sigurs:

*En Egill reið heim suður á Nes, og skildust þeir með blíðskap feðgar.<sup>30</sup>*

---

<sup>29</sup> Torfi Tulinius 2002, bls. 234-89.

<sup>30</sup> Egils saga: 84-86. kafli.

## Elskaðar dætur: Þorgerður og Hallgerður

Þótt Egill hafi átt gott samband við öll sín börn nema Þorstein átti hann eitt barn til viðbótar sem var augljóslega langbest að mati hans: Þorgerði. Kannski má segja að Þorgerður Egilsdóttir hafi verið elskuð svo mikið af pabba sínum að hún hafi getað vafið honum um fingur sér oft og auðveldlega. Það er líka áhugavert að samkvæmt sögunni bar fyrsta barn Egils sama nafn og Þorgerður brák, fósturmóðir Egils og ambátt Skalla-Gríms, „mikil fyrir sér, sterk sem karlar og fjölkunnug mjög“ sem Agli þótti mjög vænt um, sú sama og var drepin af Skalla-Grími þegar hann gekk berserksgang og réðist fyrst að Agli; Þorgerður bjargaði honum en sjálf gat hún ekki flúið og Skalla-Grímur drekkti henni í Brákarsundi.

Þorgerður var ekki eina barnið sem var nefnt eftir mikilvægri persónu í lífi Egils. Önnur dóttirin var kölluð Bera, eflaust eftir Beru Yngvarsdóttur, móður Egils. Það sem mér finnst áhugavert er að hann nefndi fyrsta barnið eftir fósturmóðurinni og annað eftir raunverulegri móður sinni – elskaði hann kannski Þorgerði brák meira en Beru?

Þorgerður Egilsdóttir varð kannski ekki eins sterk og fósturmóðir Egils en víst er að hún var snjöll og vitur, kannski snjallari en Egill sjálfur. Henni var lýst svo að hún hafi verið: „væn kona og kvenna mest, vitur og heldur skapstór, en hversdagslega kyrrlát.“<sup>31</sup> Þar að auki var hún stolt og meðvituð um verðleika sína og stað sinn í samfélaginu og ekki einu sinni hrædd við að andmæla föður sínum – eða blekkja hann, ef til þurfti. Þrátt fyrir það virtist hún allra barna best í augum Egils.

Gott dæmi um þetta eru hjónabandsmál dætra Egils. Ef við berum saman brúðkaup Þorgerðar, Beru og stjúpdótturinnar Þórdísar sem var barn Þórólfs (Þórdísi er bætt hér við vegna þess að sagt er í sögunni að Egill elskaði Þórdísi eins mikið og sín eigin börn) kemur í ljós að það var kannski ekki eins vel hlustað á þær allar. Maðurinn sem fékk Þórdísi var Grímur Svertingsson, „sá ráðakostur var góður“. Bera var gefin Össuri Eyvindarsyni sem var kannski ekki nógu mikilvægur til að fá aðra lýsingu frá söguhöfundu en nafn sitt. Þorgerður var gift Ólafi Höskuldssyni sem var „sonur Melkorku, dóttur Mýrkjartans Írakonungs. Ólafur bjó í Hjarðarholti í Laxárdal vestur í Breiðafjarðardölum; Ólafur var stórauðugur að fé; hann var þeirra manna fríðastur sýnum, er þá voru á Íslandi; hann var skörungur mikill.“<sup>32</sup>

---

<sup>31</sup> Egils saga: 79. kafli.

<sup>32</sup> Egils saga: 79. kafli.

Egill þekkti hann og föður hans vel og taldi hann góðan kost fyrir Þorgerði en samt spurði hann hana á lits áður en hann samþykkti ráðahaginn.<sup>33</sup> Þessa spurði hann hugsanlega ekki Þórdísi eða Beru, eða að minnsta kosti segir sagan ekki frá því. Venjulega ef faðir spyr dóttur sína á lits er það oftast nefnt í sögunni, kannski af því að svar dótturinnar var svolítið merkilegt fyrir söguna. Egill þurfti ekki að spyrja Þorgerði á lits, hann þurfti ekki heldur að hlusta á neitun eins og við sáum í Njálu og – fyrsta brúðkaupi Hallgerðar og Þorvalds.<sup>34</sup> En Egill lét Þorgerði játa eða neita Ólafi þótt hann væri sonur mikilvægs manns, auðugs og valdamikils, og ráðahagurinn kæmi sér vel fyrir Egil. Egill lýsti Ólafi á mjög jákvæðan hátt þegar Höskuldur spurði hvort hann vildi gefa honum dóttur sína:

„Ólafur er frægur af ferð sinni. Er og eigi kynlegt að slíkir menn ætli framarla til því að hann skortir eigi ætt né fríðleika.“

En samt svarar hann Höskuldi svo; „En þó skal nú þetta við Þorgerði ræða því að það er engum manni færi að fá Þorgerðar án hennar vilja.“<sup>35</sup>

Það var kannski góð hugmynd að spyrja fyrst því Þorgerður harðneitaði að giftast Ólafi vegna móður hans. Þegar Ólafur fæddist var móðir hans ambátt Höskuldar og þó Ólafi og Melkorku hafi verið gefið frelsi mörgum árum seinna voru fyrrverandi þrælur litnir hornauga. Þorgerður varð þess vegna kolbrjáluð. Það var óhugsandi að Egill teldi slíkan mann nógu góðan handa henni. Hún sagði: „Það hefi eg þig heyrt mæla að þú ynnir mér mest barna þinna. En nú þykir mér þú það ósanna ef þú vilt gifta mig ambáttarsyni þótt hann sé vænn og mikill áburðarmaður.“<sup>36</sup>

Það sem er áhugavert hér er að Þorgerður hljómar svolítið eins og Hallgerður þegar henni var sagt hverjum hún yrði gift í fyrsta sinn þó munurinn sé sá að Hallgerður byrjaði strax að efast um tilfinningar föður síns: „Nú er eg að raun komin um það er mig hefir lengi grunað að þú máttir eigi unna mér svo mikið sem þú sagðir jafnan er þér þótti eigi þess vert að við mig væri um talað þetta mál enda þykir mér ráð þetta eigi svo mikils háttar sem þér hétuð mér.“<sup>37</sup>

Þorvaldur Ósvífsson, sem langaði að giftast henni, var auðugur og átti þar að auki land og eyjar svo af hverju taldi Hallgerður að hann væri ekki nógu góður handa

---

<sup>33</sup> Gunnar Karlsson 2013, bls. 193.

<sup>34</sup> Jenny Jochens 1995, bls. 47-48.

<sup>35</sup> Laxdæla saga: 23. kafli.

<sup>36</sup> Laxdæla saga: 23. kafli.

<sup>37</sup> Brennu-Njáls saga: 10. kafli.

henni? Girndarráð voru til en oftast voru brúðkaup á miðöldum engin kærleiksmál heldur samningur á milli fjölskyldna.<sup>38</sup> Ursula Dronke bendir á að Hallgerður gat hafa lagt meiri áherslu á eitthvað annað en ást.<sup>39</sup> Kvörtun hennar hljómar því eins og Þorvaldur sé ekki eins heiðarlegur eða göfugur og Hallgerður vill eða kannski var hann ekki nógu ríkur að álit Hallgerðar. Samt er mikilvægasti munurinn á milli orða sögukvennanna tveggja sá að Þorgerður sagði að hún hefði alltaf trúað að Egill elskaði hana mest en Hallgerður hafði „lengi grunað“ að Höskuldur elskaði hana ekki eins mikið og hann var vanur að segja.<sup>40</sup>

Báðar konur voru óánægðar með áform feðra sinna þótt tillaga Egils hafi verið betri en Höskuldur ef við horfum á útkomuna. Egill ætlaði ekki að gefa Þorgerði manni sem hún vildi ekki eiga en þegar hún hitti Ólaf skipti hún um skoðun. Þau giftust og hjónaband þeirra var sagt vera gott. En álit Hallgerðar skipti Höskuld engu máli, hún var gefin minni manni en hún óskaði. Að sjálf sögu voru tengslin á milli þeirra vond og að lokun drap fósturfaðir Hallgerðar, Þjóstólfur, eiginmann hennar. Auk þess get ég vel ímyndað mér að dauði Þorvaldar væri áætlun Þjóstólfs (og kannski líka Hallgerðar) frá byrjun. Þegar Hallgerður sagði frá óheppni sinni svaraði hann:

„Ger þú þér gott í skapi. Þú munt vera gefin í annað sinn og munt þú þá eftir spurð því að alls staðar mun eg gera að þínu skapi nema þar er faðir þinn er eða Hrútur.“<sup>41</sup>

Eftir að hann drap Þorvald sagði Þjóstólfur við Hallgerði: „Nú hefi eg það að gert að þú munt gefin vera í annað sinn.“<sup>42</sup>

Orð Höskuldur eru líka áhugaverð þegar Egill sagði að hann langaði að spyrja Þorgerði um álit hennar. Höskuldur mælti: „Það vil eg Egill að þú ræðir þetta við dóttur þína.“<sup>43</sup> Hélt hann virkilega að þetta væri fyrir bestu, þó hann leysti mál Hallgerðar á annan hátt?

Fyrst og fremst var Egill mikilvægur maður og það sést líklega vel að hann elskaði dætur sínar mikið, sérstaklega Þorgerði. Þar að auki var Höskuldur meðvitaður um stöðu Ólafs sonar síns, að hann var fæddur barn ambáttar þó móðir hans væri

---

<sup>38</sup> Gunnar Karlsson 2013, bls. 147-72.

<sup>39</sup> Ursula Dronke 1981, bls. 15-19.

<sup>40</sup> Ursula Dronke 1981, bls. 15.

<sup>41</sup> Njáls saga: 10. kafli.

<sup>42</sup> Njáls saga: 12. kafli.

<sup>43</sup> Laxdæla saga: 23. kafli.



prinsessa og þeim væri báðum gefið frelsi. Ólafur var kannski fallegur og auðugur en það skipti engu máli ef eitthvað var að mannorði hans. Egill gat vel verið hættulegur þegar hann reiddist og ekki væri gott að gera nokkuð sem kæmi sambandinu milli fjölskyldnanna í uppnám. Höskuldur var, í stuttu máli sagt, að spila eins konar fjárhættuspil þegar hann stakk upp á brúðkaupi Ólafs og Þorgerðar.

Auk þess gæti fyrsta hjónaband Hallgerðar hafa enn verið í huga Höskuldar ef hún giftist á undan Þorgerði þó það er ekki víst hvor gifti sig fyrst samkvæmt sögunum. Það gæti samt skipt máli ef Hallgerður giftist fyrst og það hafi verið álit Höskuldar að það væru stór mistök. Vandamálið var að Hallgerður var vernduð af skapstórum manni, Þjóstólfi, en það sama mátti segja um Þorgerði því hún var klárlega uppáhalds barn Egils. Þannig var líka hægt að segja að ef Hallgerður var orðin ekkja á þeim tíma sem Höskuldur ræddi brúðkaupsmálið við Egil gat hann verið svolítið hræddur við að það sama gæti gerst aftur og þá væri sonur hans í hættu.

Af hverju taldi Höskuldur að áhættan við það að spyrja Egil þessa borgaði sig? Svarið gæti verið einfalt: Egill var ekki eini faðirinn sem átti uppáhaldsbörn, og þó sagan segði að Bárður væri það barn Höskuldar sem hann elskaði mest átti Ólafur líka í góðum samskiptum við föður sinn. Það var Höskuldur sjálfur sem valdi Þorgerði handa syni sínum: „Egill á sér dóttur þá er Þorgerður heitir. Þessarar konu ætla eg þér til handa að biðja því að þessi kostur er albestur í öllum Borgarfirði og þó að víðara væri. Er það og vænna að þér yrði þá efling að mægðum við þá Mýramenn.“<sup>44</sup>

Höskuldur langaði að Ólafur fengi bestu konuna sem til var í Breiðafirði. Hann gaf Hallgerði fyrst manni sem var nógu auðugur og átti mikið af landi en Ólafur varð að fá konu sem var líka af góðri ætt. Þar að auki var það fullvíst að Hallgerður væri erfið persóna og að hjónaböndum hennar fylgdu fleiri gallar en kostir, sérstaklega af því að allir eiginmenn hennar mættu blóðugum dauðdaga. Þau voru í raun svo hættuleg fyrir heiður fjölskyldunnar að þegar Gunnar bað um hönd hennar reyndi Hrútur, bróðir Höskuldar, að koma í veg fyrir það.<sup>45</sup> Það var áhugavert því Gunnar var maður mikill, ríkur, heiðarlegur hetja, bestu tengsl sem hugsast gætu fyrir fjölskyldu þeirra... og samt sagði Hrútur að Gunnar yrði að passa sig. Hallgerður var falleg kona en hún var „örlynd og skaphörð“<sup>46</sup>, nú líka „blandin mjög“<sup>47</sup> og báðir mennirnir hennar voru dánir.

---

<sup>44</sup> Laxdæla saga: 22. kafli.

<sup>45</sup> Brennu-Njáls saga: 33. kafli.

<sup>46</sup> Brennu-Njáls saga: 9. kafli.

<sup>47</sup> Brennu-Njáls saga: 33. kafli.

Það var samt víst að Hallgerður átti sér ekki aðeins eina föðurímynd því hún hafði verið fósturð frá æsku af Þjóstólfi, þó það þýddi ekki beinlínis að hann væri betri en Höskuldur. Hann elskaði Hallgerð afar mikið - kannski of mikið; ást Þjóstólfs virtist ekki aðeins hafa verið föðurleg.<sup>48</sup> Fyrsta hjónaband Hallgerðar skipti hann litlu máli sérstaklega því Hallgerður var svo mikið á móti því, en annað hjónaband hennar líkaði Þjóstólfi verr. Það má sjá á hegðun hans í brúðkaupunum tveimur: í því fyrra „sat Hallgerður á palli og var brúðurin allkát og gekk Þjóstólfur jafnan til tals við hana en stundum talar hann við Svan og fannst mönnum mikið um tal þeirra.“<sup>49</sup> en í því seinna er okkur sagt frá því að „Þjóstólfur gekk með reidda öxi og lét hið dólglegasta og lét það engi sem vissi“<sup>50</sup>. Munurinn var augljóslega að Hallgerði þótti mjög vænt um annan eiginmann sinn.

Samt sem áður treysti Hallgerður Þjóstólfi vel þótt sambandið milli þeirra hafi verið svolítið óvenjulegt. Hún lét hann búa hjá sér í bæði skiptin sem hún var gift og – seinna skiptið virtist það hafa verið mikil yfirsjón hennar. Hún elskaði annan mann sinn Glúm og bannaði Þjóstólfi að drepa hann þegar hann gaf henni kinnhest en því miður var þetta það tækifæri sem Þjóstólfur hafði lengi beðið. Hann drap Glúm en Hallgerður hefndi hans með því að senda Þjóstólf til Hrúts mágs síns sem drap hann.

Hallgerður sendi fósturföður sinn beint í dauðann, manninn sem var henni alltaf tryggur og hafði verndað hana alla ævi. Þjóstólfur var eina manneskjan sem Hallgerður gat treyst á, þannig að ákvörðun hennar hefur líklegast verið erfið. Ljóst er að hún hefur verið skapstór en líklegast líka verið slegin og sorgmædd. Á skömmum tíma missti hún bæði eiginmanninn sem hún elskaði heitt og föðurímynd sína sem elskaði hana heitar en raunverulegur faðir hennar gerði.

Sem sögupersónurnar voru Hallgerður og Þorgerður líkar að mörgu leyti en munurinn á þeim gæti hafa legið í sambandinu milli feðginanna. Njáls saga segir frá að raunverulegur faðir Hallgerðar elskaði hana lítið og aðeins vegna fegurðar hennar, samband þeirra virtist vera fullt af átökum. Ást fósturföðurins var hræðilega kynferðisleg og full öfundusýki. Hvorugur þeirra hlustaði á álit Hallgerðar ef það fór gegn álit þeirra sjálfra – hún var svikin af þeim báðum. Þorgerður í Laxdælu átti föður sem lofaði henni að hún yrði ekki gift manni sem hún neitaði þó Egill sjálfur hefði aðra skoðun. Samkvæmt Íslendingasögunum var Egill kannski eftirlátssamur

---

<sup>48</sup> Ursula Dronke 1981, bls. 17.

<sup>49</sup> Brennu-Njáls saga: 10. kafli.

<sup>50</sup> Brennu-Njáls saga: 14. kafli.

faðir en hann var líka trúverðugur.

## Enfant terrible: Ásmundur, Ásdís og Grettir

Ein mikilvægasta söguhetjan sem hafði erfið tengsl við foreldra sína í Íslendingasögum var Grettir Ásmundarson, aðalpersónan í Grettis sögu. Hann var svipaður Þorsteini sem átti líka föður sem þótti ekki mjög vænt um hann og móður sem var eftirlátssöm, og hjálpaði honum þegar faðir hans gerði það ekki.

Grettir var svolítið mislyndur frá æsku: eins og Þorsteinn var hann borinn saman við bróður sinn til að leggja áherslu á muninn á persónum þeirra. Atli bróðir Grettis var sagður vera „gegn maður og gæfur, hægur og hógvær. Við hann líkaði hverjum manni vel“ en Grettir „mjög ódæll í uppvexti sínum, fátalaður og óþýður, bellinn bæði í orðum og tiltektum“.<sup>51</sup> Hann mótmælti föður sínum oft sem var óásættanleg hegðun á tíma sögunnar, og kvartaði yfir að honum var ekki leyft að vera sá maður sem hann langaði að vera. Ásmundur svaraði ókurteisinni með því að reyna að koma í veg fyrir hetjudrauma Grettis.

Það voru í raun og veru oftast aðeins draumarnir sem Grettir var að leita eftir þegar hann var barn og það kemur ekki einu sinni á óvart vegna þess að bæði faðir og afi hans voru landsfrægir vegna verka sinna. Vandamálið var að Gretti langaði að verða hetja strax, áður en hann var fullorðinn, og fannst venjuleg búverk ekki vera fyrir sig. Þegar Ásmundur bað hann að vinna sagði Grettir „sér það eigi mundu vera vel hent“ og hélt áfram með bræðisköstum og illri hegðun, drap gæsirnar sem hann átti að gæta, sló Ásmund í bakið með ullarkambi og fláði skinnið af baki hests sem erti hann.<sup>52</sup>

Samt var viðhorf Ásmundar ekki mikið betra. Hann svaraði vonum Grettis með því að niðurlægja hann eins oft og hann gat, kallaði hann barn eða „mannskræfu“ og lét hann fá vinnu sem í raun og veru var barnaleg, til dæmis að gæta gæsa. Þegar Grettir drap gæsirnar fékk hann nýja vinnu sem var að strjúka bak Ásmundar fyrir framan eldinn. Þó að það væri betra en að gæta gæsa var nýja vinnan svolítið kvenleg vegna hlýju eldsins. Grettir sagði: „er verkið löðurmannlegt“ þannig að auðvelt var að spá fyrir um útkomuna. Hrossavarsla sem var þriðja vinnan hans var betri valkostur hugsaði Grettir fyrst, því það var „kalt verk og karlmannlegt“. Því miður var hann fljótur að sjá að kuldinn var ekki viðmótsþýður og að hestinum sem hann átti að gæta, Kengálu, líkaði best að vera í hvassviðri. Einu sinni enn hafði Ásmundur vísvitandi látið hann hafa vinnu sem var andstæð sem Grettir vildi.

---

<sup>51</sup> Grettis saga:14. kafli.

<sup>52</sup> Grettis saga: 14. kafli.

Áhugavert var að þótt Ásdís, móðir Grettis, elskaði hann mikið var hún ekki blind fyrir vandamálunum sem hann olli. Hún sá bæði Gretti og Ásmund haga sér illa: „Eigi veit eg hvort mér þykir meir frá móti að þú skipar honum jafnan starfa eða hitt að hann leysir alla einn veg af hendi.“<sup>53</sup>

Strax á eftir hætti Grettir að vinna og Ásmundi líkaði þetta náttúrulega ekki þótt það væri betra en að hafa Gretti að vinna við skemmdarverk sín. Hér má sjá önnur tengsl á milli Egils sögu og Grettlu þegar föðurnum þótti enn minna vænt um soninn því ólíkari honum sem hann var. Atli var klárlega uppáhaldsbarn Ásmundar og var sagður vera líkur Ásmundi:

*Þorkell spurði hversu Ásmundi segði hugur um sonu sína, hverjir iðnarmenn þeir mundu verða. Ásmundur kveðst ætla að Atli yrði búmaður mikill, forsjáll og fémaður.*

*Þorkell segir: „Þarfur maður og þér líkur. En hvað segir þú af Gretti?“*

*Ásmundur mælti: „Af honum er það að segja að hann mun verða sterkur maður og óstýrilátur, þykkjumikill og þungur hefir hann mér orðið.“<sup>54</sup>*

Ásmundur hugsaði sér að Atli mundi verða góður bóndi og Þorkell var sammála því vegna þess að Atli var eins og faðir hans. Það gæti þýtt að þó að Ásmundur væri þekktur sem hetja var það ekki einu sinni það sem hann langaði mest í, og hann var hamingjusamari við búskap en í bardögum. Grettir hugsaði allt öðruvísi um lífið: hann langaði að verða þekktur eins og faðir sinn frekar en að setjast að á býli og lifa í kyrrð og ró. Að áliti Ásmundar voru draumar Grettis of stórir og kannski ekki beinlínis raunhæfir og hann meðhöndlaði Gretti því með fyrirlitningu. Því miður olli hegðun Ásmundar því að Grettir reyndi enn meira. Sú vinna sem hann langaði að gera var ekki að gæta fugla eða hrossa, eða að nudda bak pabba síns, hann vildi verða frægur. Hann langaði að fara í víking og byggja sér mannorð sem maður mikill og verða ríkur á þann hátt. Ásmundur var mjög ósammála því, hann neitaði til dæmis að gefa Gretti fararefni eða vopn þegar hann fór úr landi. Án áhrifa Ásdísar hefði þessi ferð líklegast ekki farið vel en hún tók til sinna ráða:

*Móðir hans fylgdi honum á leið. Og áður þau skildu mælti hún svo: „Eigi ertu svo af garði ger frændi sem eg vildi svo vel borinn maður sem þú ert. Þykir mér það mest á*

---

<sup>53</sup> Grettis saga: 14. kafli.

<sup>54</sup> Grettis saga: 16. kafli.

*skorta að þú hefir ekki vopn það er neytt sé en mér segir svo hugur um að þú munir þeirra við þurfa."*

*Hún tók þá undan skikkju sinni sverð búið. Það var allgóður gripur.*

*Hún mælti þá: „Sverð þetta átti Jökull föðurfaðir minn og hinir fyrri Vatnsdælir og var þeim sigursælt. Vil eg nú gefa þér sverðið og njót vel."*

*Grettir þakkaði henni vel gjöfina og kvað sér þetta betra þykja en aðrir fémunir þótt meiri væru. Síðan fór hann veg sinn en Ásdís bað honum margra hluta.<sup>55</sup>*

Sambandið milli föður og sonar var verst hér en það batnaði þegar Grettir var farinn. Sagan segir að Ásmundur hafi orðið feginn að sjá hann þegar hann kom aftur heim úr víking, kannski sérstaklega af því að hann hafði gert vel í ferðinni og var orðinn auðugur maður.

Það er áhugavert að eftir að Ásmundur neitaði að hjálpa Gretti þegar hann átti að fara utan byrjaði hann ævintýri sín með mikilli orku. Það var eins og hann væri að reyna að sanna fyrir einhverjum að hann gæti verið það sem hann vildi. Það voru ekki aðeins menn sem hann barðist við heldur líka tröll, draugar og jötnar, hann var alltaf að leita að fleiri tækifærum til að sýna styrk sinn. Kannski var það hegðun Ásmundar sem kveikti metnað hans.

---

<sup>55</sup> Grettis saga: 17. kafli.

## **Kvikindislegur faðir; Þórólfur bægifótur og Arnkell**

Ef Ásmundur var mjög strangur faðir og niðurlægjandi gegn Gretti þá var Þórólfur bægifótur í Eyrbyggja sögu enn verri fjölskyldumeðlimur. Þórólfur var ofsafenginn og illa lyntur: hann laug, hagræddi sannleikanum, hataði allt fólk og var sérstaklega á móti syni sínum Arnkatli. Hann skorti ekki ímyndunarafl, stundum var erfitt að segja hvort hann vissi í raun og veru að hann lygi vegna þess að Þórólfur virtist trúa sínum eigin sögum fullkomlega. Gott dæmi var málið á milli hans og Snorra goða þegar Þórólfur bað hann að hjálpa sér að lögsækja Arnkel og gaf honum skóga sína sem mútur eða verðlaun. Þegar Snorri var búinn með málið og byrjaði að höggva tré í skógi sínum varð Þórólfur brjáláður samkvæmt sögunni, sagði að skógurinn væri ekki gjöf, heldur hefði hann aðeins leigt skóginn til Snorra og krafðist þess svo að hann gæfi skóginn tilbaka.<sup>56</sup>

Snorri harðneitaði því náttúrulega. En þegar hann ætlaði að sækja fólk sem var vitni að samtali þeirra, neitaði Þórólfur sjálfur því að hafa sagt það sem hann sagði - kannski vissi hann að hann væri ekki eins réttlátur og hann taldi sig vera. Samt var það skrítið að reyna að fá aftur skóginn sem klárlega var gefinn Snorra og ljúga beinlínis til að fá hann. Næst krafðist hann þess að Arnkell tæki skóginn tilbaka frá Snorra með valdi.

Þessi saga um skóginn felur í sér eina grimmustu misnotkun Þórólfs. Hann og sonur hans höfðu lengi eldað grátt silfur saman þannig að hann gaf fyrst í skyn að hann vildi að þeir gætu lagfært tengslin á milli sín.<sup>57</sup> Arnkell svaraði á jákvæðan hátt. Líklegast langaði hann einlæglega að hætta að berjast við föður sinn þó að hann hafi kært hann aðeins stuttu áður. Því miður var þessi friðarlöngun aðeins gríma og Þórólfur dró upp skógarmálið strax á eftir þannig að hugsanir hans urðu strax augljósar.

Þórólfur lagði stein í götu Arnkels sonar síns mörgum sinnum bæði fyrir og eftir skógarmálið. Samt sem áður var Arnkell ekki eina fórnarlamb Þórólfs þó hægt sé að segja að Þórólfur hafi verið verstur við hann. Málið sem byrjaði orrustuna var tengt vini Arnkels Úlfari, fyrrverandi þræll sem hafði fengið frelsi sitt og var orðinn „of auðugur“ að sögn Þórólfs.

Þegar Þórólfur fékk tækifæri til að stela heyi Úlfars gerði hann það hiklaust. Í lokin þurfti Arnkell að borga fyrir heyið vegna þess að faðir hans harðneitaði að gera það.

---

<sup>56</sup> Eyrbyggja saga: 31. kafli.

<sup>57</sup> Eyrbyggja saga: 33. kafli.

Seinna tók hann borgunina frá Þórólfi. Það var sá punktur í Eyrbyggja sögu þar sem hver árásin á fætur annarri byrjaði á móti Úlfari, því Þórólfur gat ekki látið málið vera. Arnkatli tókst að stöðva hann oft en að lokum drap hann þrælana sem Þórólfur sendi til að brenna hús hans Úlfars. Þræladrápið varð ástæða Þórólfs fyrir að lögsækja Arnkel. Hann reyndi að fá Snorra, sem var í raun og veru óvinur fjölskyldu þeirra, til að hjálpa sér.

Eftir málaferðin lærði Snorri líka að það borgaði sig ekki að hlusta á Þórólf. Þegar málið var leyst og Snorri hafði unnið sigur byrjaði Þórólfur að kvarta að Snorri hefði flutt málið óskaplega illa og að sonur sinn Arnkell mætti hafa borgað honum betur ef Þórólfur hefði krafist þess heldur en lögsótt hann.<sup>58</sup>

Hvað var eiginlega málið með Þórólfi? Af hverju hagaði hann sér svona? Ármann Jakobsson hefur stungið upp á því, að hatur Þórólfs stafaði af því að hann var orðinn ellilegur og upplifði sig máttlausan.<sup>59</sup> Enginn hlustaði lengur á hann (ekki síst vegna barnalegrar hegðunar hans), hann hafði ekkert vald í fjölskyldunni sinni lengur og fólk í kringum hann var hætt að gefa honum gaum. Kaldhæðnin hér er að þegar hann var yngri var Þórólfur valdamikill, kröftugur maður og eins og sagan lýsir honum, „víkingur mikill“. Í elli sinni hafði hann tapað því sem hann langaði mest í, völd og virðing annarra manna.

Á meðan það gerðist óx Arnkell upp og varð betri maður en faðir sinn.<sup>60</sup> Valdið rann smátt og smátt frá föður til sonar. Að lokum var Arnkell orðinn höfuð fjölskyldunnar og Þórólfur næstum gagnslaus. Hann varð því afbrýðisamur vegna ungdóms og styrks sonar síns og auk þess reiður: í stuttu máli fór Þórólfur að hegða sér eins og hann langaði. Hann gerði uppreisn gegn eigin aldri og sérstaklega öllu sem minnti hann á Arnkel.<sup>61</sup>

Annað sem ég gæti hugsað mér var að Þórólfur sjálfur fyrirleit gamalt fólk. Það var reyndar áhugavert að muna hvernig Þórólfur fékk gælunafnið sitt:

*Þórólfi þótti það lítið búland og skoraði á Úlfar kappu til landa og bauð honum hólmgöngu því að hann var við aldur og barnlaus. Úlfar vildi heldur deyja en vera kúgaður af Þórólfi. Þeir gengu á hólmi í Álftafirði og féll Úlfar en Þórólfur varð sár á*

---

<sup>58</sup> Eyrbyggja saga: 31. kafli.

<sup>59</sup> Ármann Jakobsson 2005, bls. 297-325.

<sup>60</sup> Jesse Byock 2001, bls. 99-117.

<sup>61</sup> Ármann Jakobsson 2005, bls. 297-325.



*fæti og gekk jafnan haltur síðan. af þessu var hann kallaður bægifótur.*<sup>62</sup>

Textinn hér útskýrir álit Þórólfs á elli: hann bauð Úlfari til hólmgöngu vegna þess að hann var gamall og auk þess átti hann ekkert barn sem gæti hefnt hans eða verndað land hans. Það leit út eins og að Þórólfur fengi auðveldan sigur yfir honum en dramb Þórólfs varð honum að falli. Þó að Úlfar dæi náði hann að skera Þórólf á fæti þannig að hann varð haltur alla ævi. Áhugaverð tilviljun er að gamli Úlfar átti sama nafn og seinni Úlfar og að dauði beggja þeirra varð vegna Þórólfs.

Þannig má segja að Þórólfur hafi orðið það sem hann fyrirleit mest, gamall, máttlaus maður. Svipað Agli sem Ármann Jakobsson talaði líka um í sömu grein varð hann verri með aldrinum og sérstaklega í garð þeirra sem minntu hann á stærstu átök og vonbrigði lífs síns, að hann var búinn að tapa æsku sinni og að sonur hans varð kröftugri en hann hafði nokkurn tímann verið. Þórólfur var erfiður maður frá byrjun en agaleg hegðun hans getur hafa verið einfaldlega vegna þess að hann öfundaði Arnkel; það minnir á orð Snorra þegar hann svaraði beiðni Þórólfs um að lögsækja Arnkel: „Það skaltu eigi kæra því að þér á svo hver hlutur að þykja sem honum því að hann er betri maður en þú.“<sup>63</sup>

---

<sup>62</sup> Eyrbyggja saga: 8. kafli.

<sup>63</sup> Eyrbyggja saga: 31. kafli.

## Að lokum

Að lesa og skilja íslenskar sögur frá miðaldartímum, sérstaklega til að túlka tilfinningar manna, áhugamál og hugsanir þeirra er ekki auðvelt. Söguhetjum er lýst til dæmis með því hvernig þær litu út og hvað þær gerðu eða sögðu en engar vísbendingar eru til um innra eðli þeirra. Auk þess voru textarnir oft skrifaðir löngu eftir að sögurnar gerðust og aðalpersónurnar höfðu dáið mörgum árum áður. Þess vegna er ekki hægt að segja að hugleiðingarnar sem ég skrifa um hér séu vissar: mörgum sinnum þurfa lesendur að giska á hvað leyndist að baki fjölskylduvandamálum sagnanna.

Það sem ég get þó staðhæft er að þessar tilfinningar gátu oft verið valdabaráttu á milli foreldra, barna og systkina í sögunum. Egill niðurlægir barnið sitt sem lítur út og hegðar sér mest eins og bróðir Egils heitinn sem hann átti erfitt samband við og Þorsteinn svarar með því að eyðileggja silkikápuna sem er ein mikilvægasta eign Egils. Uppáhaldsbarnið Þorgerður hefur enga ástæðu til þess að mótmæla Agli: hann elskar hana svo mikið að hún getur auðveldlega stjórnað föður sínum. Öðru máli gegnir með Hallgerði og Höskuld (og Hallgerði og Þjóstólf). Þorgerður getur treyst á Egil en Hallgerði finnst hún oft vera svikin af föður sínum.

Þá eru til fjölskyldur og vandamál sem eru enn verri. Ofsalegur og illa vaninn Grettir sem langar í meira í lífinu en það sem Ásmundur leyfir honum að hafa, og því meira sem hann neitar honum þeim mun meira mótmælir Grettir því. Þórólfur bægifót sem gerir allt sem hann getur til að skaða son sinn og virðist hata allt fólk. Hann virðist vera versta persóna sagnanna því hann er jafn vondur við alla en sérstaklega við Arnkel. Satt að segja að þegar einhver vandamál birtust á milli foreldra og barna gat það haft mikil áhrif á söguna alla og endað í versta falli á blóðbaði eins og í Eyrbyggju.

Þess vegna, þó það sé ekki auðvelt að túlka þessar aðstæður, er fullvisst að fjölskyldur og sambönd á milli meðlima þeirra er eitt mikilvægasta þema Íslendingasagnanna. Þau stjórna sögunum og hafa oft meira vald yfir fólk en til dæmis ást, trú eða pólitík. Það er því mjög áhugavert að reyna að skilja fólk sagnanna og giska á hvað liggur að baki hegðun þeirra - en því miður getum við líklegast aldrei sagt að við vitum ekki aðeins hvað gerðist en líka af hverju. Sögurnar geyma huldar hugsanir og tilfinningar miðaldarfólks til eilífðarnóns.

## Heimildaskrá

Auður G. Magnúsdóttir. 2008. Women and Sexual Politics. *The Viking World*, bls 40-48. Ritstj. Stefan Brink með Neil Price. Routledge, Oxon og New York.

Ármann Jakobsson. 2013. *Nine Saga Studies – the critical interpretation of the Icelandic sagas*. University of Iceland Press, Reykjavík.

Ármann Jakobsson. 2005. The Specter of Old Age: Nasty Old Men in the Sagas of the Icelanders. *Journal of English and Germanic Philology* - July, bls 297-325. Board of Trustees of the University of Illinois.

Byock, Jesse. 1982. *Feud in the Icelandic Saga*. University of California Press, Berkeley/Los Angeles/London.

Dronke, Ursula. 1981. The Role of Sexual Themes in Njáls Saga - The Dorothea Coke Memorial Lecture in Northern Studies delivered at University College London, 27 May 1980. Viking Society for Northern Research, London.

Íslendingabók. 2014. Sótt 21. mars 2014 af <https://www.islendingabok.is/>

*Íslendinga sögur og þættir*, fyrri og síðara bindi. 1986. Ritstj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík.

Jesse Byock. 2001. *Viking Age Iceland*. Penguin Books, London.

Gunnar Karlsson. 2013. *Ástarsaga Íslendinga að fornu*. Mál og menning, Reykjavík.

Jochens, Jenny. 1995. *Women in Old Norse Society*. Cornell University Press, New York.

Kress, Helga. 1993. *Máttugar Meyjar*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Poole, Russel. 2004. Myth, Psychology and Society in Grettis Saga, bls 3-16. Alvíssmál 11. The University of Western Ontario, London (Ontario, Canada).

Short, William R. 2010. *Icelanders in the Viking Age: The People of the Sagas*. McFarland & Company, Jefferson.

Torfi Tulinius. 2004. *Skáldið í skriftinni*. Hið Íslenska bókmenntafélag og Reykjavíkur Akadémían, Reykjavík.

Torfi Tulinius. 2002. *The Matter of the North: the Rise of Literary Fiction in Thirteenth-century Iceland*. University Press of Southern Denmark, Odense.

Vésteinn Ólasson. 1989. *Dialogues with the Viking Age - Narration and Representation in the Sagas of the Icelanders*. Mál og Menning, Reykjavík.

Viðtal við James McMullen um tengslin á milli foreldra og barna í Íslendingasögum, 5.8.2013.

Viðtal við Yoav Tirosh um Brennu-Njáls sögu, 7.9.2013.